



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldin í húsnæði Þyts þann 14. febrúar 2022

Fundur hófst: 20:15

Fundi slitið: 22:00

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson (APS), Markús Elvar Pétursson (MP), Berglind Rún Traustadóttir (BRT), Daníel Kristinn Pétursson (DKP), Helga Veronica Foldar (HVF) og Rán Pétursdóttir (RP)

Funargerð ritaði: RP

Dagskrá

1. Skipun í embætti

- Markús Pétursson – kjörinn formaður á aðalfundi
- Arnar Þór Stefánsson – Varaformaður
- Helga Veronica Foldar – Gjaldkeri
- Rán Pétursdóttir – Ritari
- Daníel Kristinn Pétursson – Meðstjórnandi
- Berglind Rún Traustadóttir – 1. Varamaður
- Ólafur Stefán Arnarasson – 2. Varamaður

2. Ákveða hverjir verða með kort og heimildir

- Markús Pétursson formaður og Arnar Þór Stefánsson fá báðir kort sem greitt verður inn á 200.000 í senn af gjaldkera.
- Heimild er til útgjalda upp á 50.000 fyrir kaup á varahlutum og til viðgerða án umfjöllunar stjórnar. Ef upphæðir eru hærrí en það þarf stjórn að fjalla um málið.

3. Yfirfærsla umboða frá Arnari til nýs gjaldkera

- Ritað undir skjöl þess efnis að Helga Veronica Foldar gjaldkeri fær prófkúru að reikningnum og Markús Pétursson skoðunaraðgang. Umboð þar með fært af Arnari til Helgu.

4. Vinnumhverfi stjórnar

- Hugmynd þess efnis að ritari fái aðstoðarmann til að rita fundi til þess að ritari geti tekið virkari þátt í umræðum. Rán Pétursdóttir talar við Áslaugu Söru Hreiðarsdóttur um að taka það hlutverk að sér. Með því fyrirkomulagi verður einnig hægt að samþykkja fundargerð í lok hvers fundar.
- Fundartími stjórnar – Stefnt að fundum annan hvern Miðvikudag.
- Forritið Trello verður notað til að skipta verkum á milli stjórnar og hafa yfirsýn yfir stöðu verkefna.
- Fundargerð verður sett inn á netið
- Umræða kom upp um að öryggisafrit þurfi að vera til af vef Þyts og fundargerðum. Harður diskur verður keyptur til þess og aðrar lausnir skoðaðar sem bæði eru öruggar og standast kröfur persónuverndar
- Google drive verður notað til að halda utan um vinnuskjöl, t.d. álestur á mælum, yfirlit yfir báta í höfn og bókanir á sal.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

5. Ferð á kænusýningu í Bretlandi

- a. Eins og fram kom á aðalfundi stefnir félagið á að festa kaup á bátum í ár og ætla MP fara á kænusýningu í Bretlandi fyrir hönd félagsins. Markmiðið með ferðinni er að skoða báta sem ekki er hægt að skoða alla hér á landi en einnig hitta RS og sjá hvort að hægt sé að fá Ventura bátinn sem félagið hyggst kaupa í báðum útfærslum þ.e. hvort hægt sé að breyta honum eftir því í hvaða tilgangi hann er notaður. Með því móti má bæði nýta hann í sumarnámskeiðin (þá fyrir 6 börn og þjálfara) og fyrir börn með sérþarfir.
- b. Kostnaðarliðir vegna þessarar sýningar er flugmiðinn til Bretlands og 3 gistinætur á hóteli.

6. Markús gerir grein fyrir samráðsfundi vegna Skemmtibátaprófs

- a. Næstkomandi fimmtudag 17.02.22. verður haldinn samráðsfundur siglingaklúbbana Þyts, Brokeyjar, Ýmis, Nökkva, Norðursigling, og Áki fyrir Siglingaskólan, Inga fyrir Aurora og er tilgangurinn að samræma námið sem klúbbarnir bjóða upp á fyrir skemmtibátapróf. Mun MP sitja fundinn fyrir hönd Þyts.
- b. Samræming á námskeiðum getur leitt til hagræðingar þannig að hægt sé að taka fleiri nemendur hvert sumar.
- c. Umræður í gangi um að Markús og Tryggvi sjái um kennslu í sumar.

7. Önnur mál

- a. Öryggismál rædd í kjölfar umræðu á aðalfundi. Boðað verður til fundar með félagsmönnum um öryggismál innan skamms og þeirri umræðu haldið áfram. Smíða þarf læsta bensíngeymslu. Tryggvi og Jón Rafn báðir tilbúnir að taka þátt í því svo ákveðið að fá þá saman á fund. Girðingar og hlið þarf einnig að taka í gegn.
- b. Ákveðið að fara frekar í æfingarferð í September í stað um páska. Krakkarnir eru þá betur undirbúnir og einbeittari eftir æfingar sumarsins. Einnig er þetta ákveðin gullrót til að hvetja þau áfram um sumarið. Margir staðir sem koma til greina fyrir keppnisferð í September og þarf að taka frekari umræðu um áfangastað síðar.
- c. Koma þarf á stofn foreldraráðs, það er liður í því að verða fyrirmyndarfélag. 3 stjórnarmenn eru foreldrar barna (APS, HVF og ÓSA) í klúbbnum og munu þau fara af stað með vinnu við að koma á fót foreldraráði.
- d. Stjórn vill bæta úr sýnileika gestahafnarinnar og mun fara í vinnu til að gera það.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 23. Febrúar.